

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1342/2020, um ráðstöfun leiguíbúða
skv. 37. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað fjárhæðanna „7.176.000 kr.“, „10.047.000 kr.“ og „1.794.000 kr.“ í 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar kemur: 7.485.000 kr.; 10.480.000 kr.; og: 1.872.000 kr.

2. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „7.745.000 kr.“ í 3. gr. reglugerðarinnar kemur: 8.079.000 kr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 3. mgr. 37. gr. og 50. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, öðlast gildi 1. janúar 2025.

Innviðaráðuneytinu 20. desember 2024.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Ingilín Kristmannsdóttir.